

*Jón Karl Ólafsson,
formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands
Ræða á Viðskiptaþingi 8. febrúar 2006*

Forsætisráðherra, sendiherrar, fundarstjóri, Viðskiptaráðsfélagar og aðrir gestir.

Ég vil fyrir hönd Viðskiptaráðs Íslands bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin á Viðskiptaþing 2006, sem að þessu sinni er haldið undir yfirskriftinni „**Ísland 2015**“. Það er gaman að sjá hvernig vegur Viðskiptaþings hefur vaxið frá ári til árs og ég get með sanni sagt, að hugmyndir ráðsins um alhliða stefnumótun til framtíðar, hafa hlotið mjög góðan hljómgrunn í samfélaginu á síðustu dögum.

Það stendur skrifað á góðum stað, að menn komist almennt ekki á leiðarenda ef þeir vita ekki hvert þeir stefna.

Með þetta í huga hafa Viðskiptaráð Íslands og Háskólinn í Reykjavík fengið fjölmarga forystumenn úr íslensku viðskiptalífi, háskólum og menningarstofnunum til að ræða framtíð Íslands á breiðum grundvelli og er afrakstur þessara funda lagður til grundvallar glæsilegrar skýrslu ráðsins, sem lögð er fyrir þingið hér í dag.

Ennfremur mun Viðskiptaráð beita sér fyrir því, að á árinu 2006 fari fram umræða á ýmsum sviðum þjóðlífsins um langtímastefnumótun fyrir landið okkar - Ísland. Stjórn ráðsins telur þannig mikilvægt að virkja saman aðila af mismunandi sviðum samfélagsins og stuðla að því að mörkuð sé framtíðarstefna á sem flestum sviðum þess. Hugmyndavinna fór fram undir stjórn Þórs Sigfússonar, forstjóra Sjóvá, og fundum framtíðarnefndar stýrði dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Ágætu gestir, ég legg til að þið hafið sætisólar spenntar á meðan þið sitjið í sætum ykkar — ég ætla að bregða mér með ykkur á flug !

Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar hefðu flestir sopið hveljur og talið það mikla fásinnu, ef einhver hefði stigið fram fyrir skjöldu og lýst þeirri skoðun sinni að það væri raunhæft markmið fyrir Ísland árið 2006, að fjöldi háskólanema myndi nær tvöfaldast á einum áratug, að árlegur hagnaður viðskiptabankanna næmi rétt um 10% af landsframleiðslu, að Ísland yrði fjórða samkeppnishæfasta hagkerfi heims eða — og haldið ykkur fast — að erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja yrðu ríflega fimmtungi fleiri en samanlögð íbúatala Kópavogs, Seltjarnarness, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Grindavíkur, Akraness, Ísafjarðar, Vestmannaeyja og Reykjanesbæjar.

Það hefði reyndar verið talin fásinna þá að spá því, að til yrði glæsilegur bær sem kallaðist Reykjanesbær!

Við eigum að halda áfram að setja okkur markmið af þessum toga – orð eru til alls fyrst.

Við eigum að venja okkur á að hugsa í lausnum í stað vandamála.

Íslenskt viðskiptalíf er á mikill ferð í átt til frjálsari og skilvirkari viðskiptahátta. Markmið vinnunnar fyrir Viðskiptaþing var, að varða þessa leið með því að setja okkur markmið um það hvert við viljum stefna og hvar við viljum helst vera stödd árið 2015. Markmið okkar eiga að vera háleit — en raunhæf — og vonir okkar eru, að þessi markmið náist, ef við leggjumst öll á eitt og stefnum í sömu átt. Ég kalla því eftir breiðri samstöðu viðskiptalífs, stjórn mála, háskóla og stofnanna, um að einfalda Ísland, gera það skilvirkara, í því augnamiði að elta uppi aðrar forystuþjóðir og taka fram úr þeim. Við eigum að fagna fjölbreytni og nýta okkur reynslu einstaklinga með ólíkan bakgrunn, enda nalgast menn viðfangsefni sín með ólíkum hætti. Breið samstaða milli okkar allra er til þess fallin, að tryggja að heildin verði alltaf stærri summu liðanna.

Góðir gestir - hvað er það, sem hefur raunverulega breyst hér á landi á síðustu árum?

Það eru að sjálfsögðu mörg atriði sem hafa haft áhrif á þessu þróun, sem hér hefur verið undanfarin ár. Stækkandi hlutfall vinnuafls okkar starfar nú í raun á alþjóðavettvangi. Sú staða gerir fólki kleift að líta til heimalandsins úr fjarlægð og sjá þannig, hvað megi betur fara og hvað er betur gert hér á landi en annars staðar. Það kom skýrt fram í vinnu framtíðarhóps Viðskiptaráðsins, að fundarmenn láta sig framtíð Íslands miklu varða og stefnumörkun til framtíðar á alls ekki að vera einkamál stjórnmalamanna.

Innleiðing EES-samningsins hefur haft mjög mikil og ráðandi áhrif á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Að sama skapi má slá því föstu að skattalækkanir á fyrirtæki hér á landi úr 30 í 18 prósent, voru sennilega bestu og árangursríkustu aðgerðir stjórnvalda í seinni tíð. Með aðgerðinni sýndu stjórnvöld þá víðsýni og stefnufestu, sem nauðsynleg er til að betrubæta rekstrarumhverfi fyrirtækja í landinu og bæta þannig samkeppnisstöðu þeirra, sértaklega á alþjóðavettangi.

Sú bylting, sem átt hefur sér stað á flestum sviðum íslensks samfélags er ekki sjálfsögð og því síður er sjálfgefið, að hún muni halda áfram ef ekki er hugað að framtíðinni í tíma. Áherslur í atvinnulífinu, á sviði menntamála, heilbrigðismála, ríkisfjármála, menningar og í hagkerfinu í heild þurfa að liggja fyrir — og við eigum að setja okkur metnaðarfull markmið til framtíðar. Góð varða á þeirri vegferð er að breyta Íslandi ársins 2015 í þjónustusamfélag af ýmsum toga, sama hvort litið er til iðngreina, fjármálaþjónustu, heilbrigðismála, ferðaþjónustu eða menntamála.

Aðlögunarhæfni lítils samfélags er mikil og stuttar boðleiðir ættu að tryggja að breytingar til batnaðar nái fram að ganga á snöggan og skilvirkan máta. Að sama skapi falla hugmyndir ríkisstjórnarinnar um einfaldara Ísland, endurskoðun landbúnaðarkerfisins og Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála vel að þeim þáttum sem auka samkeppnishæfi landsins í alþjóðlegu samhengi.

Viðskiptaráð hefur sett sér það markmið, að láta ekkert afskipt í samfélaginu og reyna að tryggja, að góðar hugmyndir hljóti brautargengi, hvaðan sem þær koma — enda skiptir í raun engu máli hvaðan gott kemur. Aðalatriðið er að fá sem flesta aðila til þessarar vinnu og setja markið hátt og halda stefnu í gegnum súrt og sætt. Við erum tilbúin í að koma að því að rugga bátnum eins og þarf — og við hvetjum aðra til að gera slíkt hið sama.

Löðum til okkar hæfasta fólkið

Stundum er haft að orði að heimurinn fari í raun alltaf minnkandi og eins og áður kom fram sækja margir Íslendingar sér menntun og starfa á erlendri grundu. Slík reynsla er landinu gríðarlega mikilvæg og eykur þekkingu og víðsýni landsmanna. Þessi þróun virkar síðan í fleiri áttir og eru útlendingar einnig í auknum mæli að sækja í nám og störf hérlendis. Er það ekki síður jákvætt og er enn fremur til þess fallið að auka þekkingu og víðsýni landsmanna. Við eigum að fagna sókn fólks af erlendu bergi brotnu til Íslands og vinna að því með ráðum og dáð að laða til okkar hæfasta fólkið með góðu menntakerfi, traustum innviðum og fyrirtækjum á heimsmælikvarða.

Að sama skapi skiptir miklu máli, að íslenskt atvinnulíf taki vel í hugmyndir um alþjóðlega skóla á öllum menntastigum. Allar hugmyndir, sem miða að því að fá erlenda sérfræðinga til starfa á Íslandi, hvíla á þeirri forsendu að börn þeirra geti stundað nám í alþjóðlegum skólum á öllum menntastigum. Það er til lítils að ræða um alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs ef aðstæður á landinu koma í veg fyrir að fagfólk geti komið til landsins með fjölskyldur sínar.

Ríkið dragi úr umsvifum sínum

Góðir gestir.

Mikill vöxtur hefur verið hér í opinberu stjórnkerfinu á síðustu árum og það er mjög mikilvægt, að fara að vinna að því að sameina ráðuneyti í auknum mæli og leitast þannig við, að ná fram sömu hagræðingu í rekstri opinberra stofnanna og náðst hefur hér á samkeppnismarkaði. Að sama skapi ber sífellt að leita leiða, til að færa verkefni frá

opinberum stofnunum til einkaaðila. Ég held að við getum öll tekið undir það að hagræðing í efsta lagi stjórnsýslunnar verði öðrum stofnunum hins opinbera góður hvati til að draga úr umsvifum sínum - það er nú einu sinni þekkt staðreynd, að eftir höfðinu dansa jú limirnir.

Stefnufesta stjórnvalda í þróun íslensks atvinnulífs til ársins 2015 er mikilvægur þáttur á vegferð til umbreytingar íslensks samfélags í þjónustusamfélag á heimsmælikvarða. Að sama skapi verður að líta til þess, að Ísland er agnarsmátt í alþjóðlegu samhengi - hvort sem litið er til fjármála eða þjónustumarkaða og örlítil hlutdeildaraukning íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum markaði hefur ráðandi áhrif á þjóðarbúið. Í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar mun hlutdeild fjármála- og þjónustuviðskipta halda áfram að aukast í íslensku þjóðarbúi til ársins 2015. Á Íslandi er einstakt tækifæri til uppbyggingar á fjármála- og þjónustuviðskiptum á næsta áratug. Við eigum að grípa tækifærið enda er ekki víst að það gefist á nýjan leik.

Tökum forystu í skattamálum

Á síðustu fimm árum hafa Danir, Svíar, Hollendingar, Belgar, Ástralir og Írar komið á víðtækum umbótum á skattkerfi og rekstarumhverfi fyrirtækja, með það fyrir augum að laða til landanna aukna starfsemi á sviði alþjóðlegra fjármála. Þjóðirnar hafa gengið mis langt í umbótunum, en íslensk stjórnvöld eiga að setja sér það metnaðarfulla markmið, að fylgjast vel með þessari þróun og ná um það breiðri sátt að ganga helst aldrei skemur en viðmiðunarþjóðir okkar þegar kemur að umbótum í stjórnsýslunni. Við eigum og verðum að hafa hraðar hendur í þessum efnum, enda er til mikils að vinna. Við eigum að stefna að því að draga vagninn í alþjóðlegu samhengi, í stað þess að sigla aðeins í kjölfar annarra þjóða.

Uppbygging landsins sem miðstöðvar fjármála og þjónustu krefst þess að löggjöf um rekstur fyrirtækja verði eins og best verður á kosið og í skattamálum dugar ekkert hálfkák. Íslensk fyrirtæki verða að standa a.m.k. jafnvígis eða betur okkar helstu erlendu samkeppnisaðilum á sem flestum sviðum.

Háskólinn í Reykjavík og Verzlunarskólinn

Ágætu gestir Viðskiptaþings !

Það er ekki annað hægt að en nefna með stolti það ótrúlega starf sem átt hefur stað innan veggja Háskólans í Reykjavík á undanförunum árum. Viðskiptaráð Íslands hefur verið styrkur bakhjarl skólans frá upphafi og viðskiptalífið mun halda áfram að styðja við uppbyggingu skólans. Við nýafstaðinn samruna HR og Tækniháskóla Íslands tvöfaldaðist fjöldi nýnema og það er gaman að segja frá því að umsóknir um skólavist í Háskólanum í Reykjavík hafa aldrei verið fleiri.

Sameining skólanna markaði nýtt upphaf í menntamálum á Íslandi og mun það eflaust þegar fram líða stundir, efla enn frekar samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Eftir skipulagsbreytinguna má fullyrða, að nær öll fyrirtæki á Íslandi séu hluthafar og bakhjarlar Háskólans í Reykjavík. Þúsundir stjórnenda og starfsmanna íslenskra fyrirtækja nutu þjónustu Stjórnendaskóla HR og Símenntar HR á árinu og er þessi mikla samþætting háskólanáms og viðskiptalífs sérstaklega ánægjuleg. Í sameiningu veita þessir aðilar hvor öðrum mikinn styrk til frekari athafna.

Að sama skapi hefur síðasta ár verið viðburðaríkt hjá Verzlunarskóla Íslands og mótaðist skólahaldið mjög af aldarafmæli skólans sem haldið var hátíðlegt þann 16. október s.l. Í tilefni tímamótanna færði Viðskiptaráð Íslands skólanum veglega stytta á lóð skólans sem setur sterka sýn á nánasta umhverfi hans.

Styrk staða og velgengni Verzlunarskólans og Háskólans í Reykjavík sannar í eitt skipti fyrir öll, að viðskiptalífið á að styðja vel við bakið á menntun í landinu og tryggja að fjölbreytni og samkeppni fái notið sín til hins ýtrasta — enda skyldi engan undra að samkeppni virkar jafnvel í skólum landsins og hún gerir á öðrum sviðum samfélagsins.

Mikið regluverk getur deyft andann

Þrátt fyrir bætt viðskiptalíf og aukna tækni hefur regluverk viðskiptalífs og fjármagnsmarkaðar aldrei verið flóknara og viðameira. Aukin tækni og framþróun virðist hafa einfaldað margt í lífi manna - nema reglurnar sem þeir búa við ! Fyrirfram hefði mátt ætla, að aukin framþróun sem einfaldar líf og viðskipti myndi einnig einfalda lög og reglur, en reynslan hefur verið þveröfug. Umræður um þörf á frekari reglum og lögum fæðast eftir nánast hverja hreyfingu, sem á sér stað í viðskiptalífinu.

Árið 2003 tóku Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands sig saman og gáfu út “Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja”. Var tilgangur útgáfunnar að hvetja íslenskt viðskiptalíf til þess að taka upp samræmd vinnubrögð í tilteknum málum, en um leið var lögð á það áhersla að reglur um stjórnarhætti þurfa að taka tillit til ólíkra og misstórra fyrirtækja. Var það mat okkar að viðskiptalífið væri betur í stakk búið en löggjafinn til að setja fram slíkar reglur. Í leiðbeiningunum er fylgt svokallaðri „fylgið eða skýrið“ reglu. Felur hún það í sér að leiðbeiningarnar eru ekki bindandi, en þess í stað er farið fram á, að fyrirtæki greini frá því í ársreikningi ef ekki er farið eftir þessum leiðbeiningunum, í hverju slíkt frávik felst og hver sé ástæða fráviks. Samkvæmt reglum Kauphallarinnar, er markaðsaðilum skylt, að taka tillit til leiðbeininganna. Þær geta einnig að efni sínu átt vel við önnur félög og hafa mörg stærri félög sem ekki er á markaði ákveðið að fylgja leiðbeiningunum.

Komin er tveggja ára reynsla á leiðbeiningar um stjórnarhætti og við endurskoðun þeirra í desember síðastliðnum var það mat manna að reynslan af þeim hafi verið almennt nokkuð góð. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja hafa því sannað gildi sitt. Trúlega eru mikilvægust þau áhrif, sem leiðbeiningarnar hafa haft á umræðu um stjórnarhætti í viðskiptalífinu. Þeirri umræðu er hins vegar fráleitt lokið og leiðbeiningar munu þróast í takt við niðurstöðu þessarar umræðu. Í því liggur styrkur frumkvæðis atvinnulífsins sjálfs, ólíkt opinberu regluverki sem ekki verður haggð svo auðveldlega.

Forvígismenn fyrirtækja eiga að axla samfélagslega ábyrgð. Ég vil hafna hugmyndum um aukið og íþyngjandi regluverk stjórnvalda og kalla eftir breiðri samstöðu

viðskiptalífsins um sjálfsprottnar reglur. Það er undir okkur komið að virða þessar reglur í hvívetna og sýna fram á það og sanna, að viðskiptalífinu er fullkomlega treystandi til að starfa innan þess ramma, sem samstaða er um !

Lokaorð

Ágætu þinggestir.

Viðskiptaráð hefur tekið breytingum á síðasta ári og ég er þess fullviss að það var hárrétt ákvörðun að breyta nafni Verslunarráðs í Viðskiptaráð Íslands. Þannig endurspeglast betur staða og hlutverk ráðsins í viðskiptalífinu. Sú mikla samstaða sem ríkir á meðal félagsmanna Viðskiptaráðs hefur verið stjórninni mikils virði á síðustu árum og auðveldað þær breytingar sem ráðið hefur gengið í gegnum. Það er með nokkrum söknuði sem ég stend hér í síðasta sinn sem formaður stjórnar Viðskiptaráðs, en ég geri það í þeirri vissu, að það er enginn skortur á hæfileikafólki í atvinnulífinu, sem er reiðubúið að vinna að hagsmunum okkar og þjóðarinnar allrar.

Eins og sjá má á glæsilegri umgjörð Viðskiptaþings hefur mikil vinna farið fram undanfarna mánuði og hafa tugir manna lagt hönd á plóg og kunnum við þeim öllum bestu þakki. Ég vil fá að þakka sérstaklega starfsmönnum Viðskiptaráðsins og þá sérstaklega Þór Sigfússyni, fyrrum framkvæmdarstjóra fyrir frábært starf og samstarf í gegnum árin og óska honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Ég vil ekki síður fá að þakka Halldóri Benjamín Þorbergssyni fyrir frábært starf, sem staðgengill framkvæmdarstjóra og fyrir þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í skýrsluna og undirbúningi fyrir þingið. Að sama skapi langar mig að nota þetta tækifæri og bjóða Höllu Tómasdóttur, nýráðinn framkvæmdastjóra Viðskiptaráðsins velkomna og mun kynna hana fyrir ykkur sérstaklega seinna á dagskránni. Við erum einstaklega ánægð með ráðningu hennar og bindum miklar vonir við samstarfið við hana á næstu árum. Þór Sigfússon setti markið hátt og ég efast ekki um að Halla muni taka þann bolta og reynast okkur öllum sem komum að íslensku viðskiptalífi sannkallaður haukur í horni.

Ég vil að lokum fyrir hönd stjórnar Viðskiptaráðsins þakka öllum þeim sem sátu í framtíðarhópnum fyrir vel unnin störf í okkar þágu. Jafnvel þótt menn taki kannski ekki undir allar þær hugmyndir sem hér koma fram, vonast ég til að fundargestir geti verið sammála um breiðu línurnar og í hvaða átt beri að stefna í framtíðinni. Við erum lítil þjóð, en þrátt fyrir smæð landsins er ekki algengt að fólk úr mismunandi geirum þjóðlífsins ræði saman á svo breiðum grundvelli og líti til framtíðar. Ég vona svo sannarlega að þessi mikla vinna framtíðarhópsins sé aðeins upphafið að meiri og skipulögðum samræðum manna á milli - svo úr verði deigla hugmynda.

Góðir gestir – við nálgumst nú áfangastaðurinn – við sjáumst vonandi flest árið 2015, þar sem við förum yfir farinn veg og metum, hvort stefnan hafi ekki örugglega verið sú rétta !

Takk fyrir.